



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Skipun stýrihóps um endurskoðun stefnu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022*

Lagt er til að velferðarráð samþykki að skipa stýrihóp til að endurskoða stefnu velferðarsviðs á sviði velferðartækni og aðgerðaráætlun. Gerð verði tillaga að nýrri stefnu um velferðartækni til fimm ára ásamt kostnaðarmetinni áætlun til tveggja ára. Kostnaður rúmast innan ramma velferðarsviðs.

Greinargerð:

Fyrsta heildstæða stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022 var samþykkt í velferðarráði 12. febrúar og í borgarstjórn 6. mars 2018 ásamt aðgerðaáætlun sem yrði endurskoðuð í árslok 2018. Meðal aðgerða var að setja á fót velferðartæknismiðju, sem hóf starfsemi í maí 2018. Þann 20. febrúar 2019 var samþykkt í velferðarráði endurskoðuð og kostnaðarmetin aðgerðaáætlun.

Á þeim hart nær fjórum árum sem liðin eru frá því að stefnan um velferðartækni var samþykkt hefur orðið ör þróun á sviði velferðartækni og tímabært að huga að endurskoðun stefnunnar.

Markmið með stofnun stýrihópsins er að endurskoða fyrirbyggjandi stefnu um velferðartækni og móta nýja stefnu til fimm ára ásamt kostnaðarmetinni aðgerðaáætlun til tveggja ára. Í hópnum munu stitja tveir fulltrúar frá meirihluta velferðarráðs og genir annar þeirra formennsku, einn fulltrúi frá minnihluta og tveir fulltrúar velferðarsviðs, þ.á.m. starfsmaður hópsins.

Fylgiskjal:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um endurskoðun stefnu um velferðartækni.